

Ed.

341. Frumvarp til laga

[84. mál]

um skráningu skipa.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 260 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafana, þegar eignarrétti á því er svo háttað sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenska ríkisins, íslensks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.
2. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.
3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.
4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags, þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrjú fimmtu hlutar félagseigna hið minnsta vera í eign íslenskra ríkisborgara.
5. Ef skip er eign hlutafélags, þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar, sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjú fimmtu hluta allra atkvæða.
6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar, sem ákvæði 1. og 3.—5. tölul. taka ekki til, þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjú fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

Samgönguráðherra er heimilt að leyfa þegar sérstakar ástæður mæla með því, að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi, enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

- a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
- b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
- c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrðum þessa staflíðar enda liggja fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
- d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.
- e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður stimpilgjöld af eignarheimildum og veðskuldabréfum sem þinglýst kann að verða hér á landi vegna skipa sem skráð verða hérlendis skv. 2. og 3. mgr. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gjaldaívilnana skv. þessari mgr.